

Alþingi  
Erindi nr. P 140/2181  
komudagur 8.5. 2012

## Athugasemdir vegna Rammaáætlunar]

Jón Thoroddsen [Jon.Thoroddsen@reykjavik.is]

Sent: 8. maí 2012 22:11

Viðtakandi: Nefndasvið umsagnir

---

Athugasemdir vegna Rammaáætlunar

Ég undirritaður, Jón Thoroddsen, er mótfallinn því að jarðhitasvæðið við Sveifluháls í Reykjanesfólkvangi sé sett í nýtingarflokk í Rammaáætlun og tel að það eigi frekar heima í verndarflokki. Þetta svæði er í næsta nágrenni við höfuðborgina og borgarbúar jafnt sem ferðamenn vilja njóta náttúrunnar við túnfótinn. Einnig má geta þess að mikill fjöldi ferðamanna kom á svæðið síðastliðið sumar (um 120 þús.).

Það er einfaldlega rangt – ef ekki galið – að breyta friðlýstum fólkvangi og útivistarsvæði í orkuvinnslusvæði á tímum þegar bensínverð er í hæstu hæðum og kostnaðarsamt er að ferðast um langan veg til að njóta óspilltrar náttúru. Náttúruvæði í námunda við þéttbýli hafa aldrei verið verðmætari en einmitt nú.

Eldvörp ættu einnig skilyrðislaust að fara í verndarflokk. Þar liggja gamlar þjóðleiðir sem í dag eru vinsælar gönguleiðir. Auk þess má ekki undir nokkrum kringumstæðum hrófla við umhverfi gígaraðarinnar sjálfrar sem er einstakt jarðfræðilegt fyrirbæri, sambærilegt við Lakagíga.

Virðingarfyllst,

Jón Thoroddsen,

kt. 1502575819

Fálkagata 18a  
Reykjavík